

Sveitarfélagið Ölfus
b/t Sigurður Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 8. október 2019
UST201909-303/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskalón – Ölfus

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Fiskalón í Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagstillagan sem hér um ræðir er í landi Fiskalóns í Ölfusi þar sem að er heildarstærð svæðisins er um 9,3 ha og skiptist það í þrjár lóðir. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði, merkt sem 18 og er skráð sem fiskeldisstöð með athafnasvæði beggja vegna Þorlákshafnarvegar.

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu hefur verið starfrækt seiðaeldisstöð í nokkra áratugi, með rekstar- og starfsleyfi fyrir allt að 20 tonna ársframleiðslu og áformað er að halda áfram uppyggingu á svæðinu og auka framleiðsluna um 80 tonn, þannig að hún verði allt að 100 tonn á ársgrundvelli.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að skv. gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Fjörumörk vestan Þurárhnuks og er númer 778 sem aðrar náttúruminjar. Á svæðinu eru fjörukambar, er sýna tvær til þrjár mismunandi sjávarstöður, m.a. um 6 m hæð yfir núverandi fjörumörkum. Hnnullungafjöruborðin eru sýnileg vestur að Þóroddsstöðum og greinanleg austur fyrir Þurárhnuk þar sem sjá má lábarinn helli skammt frá hrauntröðinni næst hnúknum. Gleggstu minjar um sjávarstöðubreytingar í ísaldarlok á þessum slóðum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um náttúruminjarnar í tillögunni og metið hvort að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á minjarnar.

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan ekki hafa neikvæð áhrif á ásýnd náttúruminjanna.


Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
sérfræðingur